

Læknablaðið á nýju ári

Þegar þetta er ritað er um það bil eitt ár liðið frá skipun nýrrar ritstjórnar Læknablaðsins. Ritstjórnin hefur eytt umtalsverðum tíma í að skilgreina og skrásetja sem flesta þætti er lúta að starfsemi blaðsins. Afrakstur þessarar vinnu verða nokkur skjöl sem prentuð verða í blaðinu og/eða birt á vefsíðu þess, sum einu sinni, önnur með vissu millibili. Skjöl þessi fjalla um verklag ritstjórnar, innri vinnureglur, skilgreiningu og dreifingu ábyrgðar o. fl. Enn fremur verður skerpt á flokkun innsends efnis, lengd þess o.s.frv. Sömuleiðis verður fjallað um aðferðafræði ritrýni, skyldur ritstjórnar gagnvart ritrýnum og vinnulag ritrýna sjálfra. Fyrsta skjalið fjallar um ritstjórn og annað starfsfólk Læknablaðsins, í reynd vinnureglur þessa hóps, og birtist á bls ... í þessu tölublaði. Ekki er ætlunin að birta þessar tilteknu vinnureglur nema í þetta skipti enda eru þær vinna einnar ritstjórnar og óvíst að hin næsta kjósi sér sama vinnulag.

Reglur þessar draga óhjákvæmilega nokkurn dóm af nýlegri reynslu Læknablaðsins sem jafnframt gefur tilefni til þess að upplýsa eigendur þess og lesendur um það hvernig þessi ritstjórn vinnur.

Glöggir lesendur þessara nýju reglna munu sjá að skilgreiningar á hagsmunatengslum eru fremur stuttaralegar. Til þess liggja tvær ástæður: Í fyrsta lagi verður aldrei unnt að gera ráð fyrir öllum hugsanlegum atvikum, þannig að blaðið gæti setið eftir með kringumstæður, sem engan hefði órað fyrir. Í öðru lagi hafa alþjóðasamtök ritstjóra læknablaða (International Committee of Medical Journal Editors, ICMJE) sett fram reglur um hagsmunatengsl, sem eru víðar, en þó nægilega nákæmar til þess að flest hugsanleg atvik gætu fundið samsvörun þar.

Það er að sjálfsögðu gott og blessað að setja saman reglur af því tagi sem að ofan var lýst. Þess háttar löggjöf getur þó aldrei skilgreint, og er reyndar alls ekki ætlað að skilgreina hvernig blað Læknablaðið skuli vera. Það er sannfær-ing þess, sem þetta ritar, að styrkur og sérstaða Læknablaðsins felist í fræðilegum hluta þess. Fræðigreinar eru burðarás blaðsins og sá hluti þess, sem afmarkar sérstöðu þess, gerir það að

tákni og séreign íslenzkra lækna. Fræðigreinar eru líka sá hluti blaðsins sem mesta vinnu útheimtir, sem viðkvæmastur er fyrir áföllum af ýmsu tagi en um leið sá þáttur sem kemur á framfæri við umheiminn vinnu íslenzkra lækna, oftast unninni á Íslandi og birtri í íslenzku læknablaði. Þegar er ljóst að erlendir læknar sýna fræðigreinum okkar áhuga þar sem þeir hafa fundið greinar í gagnagrunni Bandaríska læknisfræðibókasafnsins (National Library of Medicine, NLM). Það er vert að við, íslenzkir læknar, höfum þetta í huga þegar við ritum fræðigreinar sem við ella hefðum birt í erlendum tímaritum. Núverandi ritstjórn hefur reyndar skerpt verulega á ritrýniferlinu með hliðsjón af leiðbeiningum NLM, þannig að sambærilegt sé erlendum fræðiritum. Nú er enda kominn tími til þess að fræðigreinar birtar í Læknablaðinu frá og með árslokum 2005 vegi jafnþungt í mati á vísindavinnu og rannsóknir birtar erlendis. Hér er sérstaklega höfðað til matsvinnu íslenzkra dómnefnda og stigagjafar Kjaranefndar, en til þessa hafa rannsóknir birtar í Læknablaðinu verið léttar vegnar en aðrar.

Hvað hinn svokallaða félagslega hluta áhrærir, er hann að sjálfsögðu allra góðra gjalda verður. Hann er hins vegar um fátt sérstakur fyrir íslenzka lækna. Það er vissulega áhugavert að lesa um tóms-tundaiðju lækna, hvort sem þeir hlaupa eða ganga á fjöll, eru hallari undir Stravinski eða Sjostakovits, fylgja Liverpool eða Manchester United, taka Beaujolais fram yfir Bordeaux o.s.frv. Þessar upplýsingar og fréttir, jafn áhugaverðar og þær eru, eru að engu leyti sérstæðar fyrir íslenzka lækna og gætu jafn vel átt heima í almennum prentmiðlum, þar sem þær birtast reyndar oft. Ekki hvarflar að neinum að leggja af þessi skrif. Sérstaklega á beinlínis heima í Læknablaðinu umfjöllun um heilbrigðismál og sögu læknisfræðinnar, svo eitt-hvað sé nefnt. Það er engu að síður ástæða fyrir alla íslenzka lækna að hugleiða, nú sem endranær, óskir okkar til handa Læknablaðinu og til hvers við ætlumst af því. Ritstjórn Læknablaðsins þakkar lesendum sínum góðan stuðning og ábendingar og óskar þeim gleðilegs árs.



Jóhannes
Björnsson

johbj@landspitali.is

A new year for The Icelandic Medical Journal

Jóhannes is Professor and
Chairman, Department
of Pathology, Landspítali
University Hospital,
and Editor-in-Chief of The
Icelandic Medical Journal.

Höfundur er meinafræðingur
og ábyrgðarmaður
Læknablaðsins.